

## Ágæta bæjar- og sveitarstjórn

Stjórn SASS hefur skipað starfsnefnd sem á að endurskoða Samgönguáætlun Suðurlands fyrir næstu 10 ár. Nefndin á að skila uppfærðri áætlun í september n.k., eða fyrir ársfund SASS 2019. Fyrri starfsnefnd skilaði áætlun sem rædd var og samþykkt á Ársfundi SASS 2017. Á Ársfundi SASS 2018 var áskorun frá samgöngunefnd að endurskoða og uppfæra samgönguáætlunina. Slóðin á núgildandi áætlun er hér: <http://www.sass.is/samgonguaetlun-sass-2017-2026/>

Nefndin er skipuð eftirtöldum: Sæmundur Helgason Sveitarfélaginu Hornafirði, formaður, Njáll Ragnarsson Vestmanneyjabæ, Valgerður Sævarsdóttir Bláskógabyggð, Ari Thorarensen Sveitarfélaginu Áborg, Drífa Bjarnadóttir Mýrdalshreppi, Engilbert Olgeirsson Rangárþingi ytra og Þórunn Ösp Jónasdóttir fulltrúi Ungmennaráðs Suðurlands. Starfsmaður nefndarinnar er Alda Alfreðsdóttir, starfsmaður SASS.

Tilgangurinn og hlutverk starfsnefndarinnar er að marka stefnu fyrir Suðurland í samgöngumálum, gera grein fyrir helstu áætlunum og koma með tillögu að **forgangsröð verkefna til næstu tíu ára**. Það er sýn stjórnar SASS að samgönguáætlun Suðurlands muni nýtast til þess að tryggja enn frekar að stjórnvöld ráðist í nauðsynlegar framkvæmdir í samgöngu- og fjarskiptamálum á Suðurlandi, íbúum til hagsbóta. Tillagan þarf að ná yfir vegamál, hafnarmál, flugvelli, almenningsamgöngur og fjarskiptamál á Suðurlandi.

Á fyrsta fundi 15. febrúar s.l. samþykkti nefndin að fyrsta skref yrði að senda spurningar til sveitarstjórnanna 15 á Suðurlandi, líkt og gert var fyrir tveimur árum, með góðum árangri. Starfsnefndin mun kalla eftir samráði við sérfræðinga, sem og sveitarfélögin. Drög verða send sveitarstjórnnum til kynningar og athugasemda í ágúst – september.

### **Nefndin kallar hér með eftir upplýsingum frá öllum stjórnnum sveitarfélaganna fimmtán á Suðurlandi, um helstu forgangsverkefni í samgöngumálum 2019-2028.**

1. Hver eru þrjú helstu forgangsverkefni í nýframkvæmdum er varða samgöngur í sveitarfélaginu ykkar?
2. Hver eru þrjú helstu forgangsverkefni í rekstri og viðhaldi samgöngumannvirkja í sveitarfélaginu ykkar?
3. Ef horft er á Suðurland sem heild, hvaða þrjár samgönguframkvæmdir myndi sveitarsjórn ykkar setja fremst á blað, aðrar en í ykkar sveitarfélagi?
4. Hver er afstaða sveitarstjórnar er varða áætlanir ríkisstjórnar um veggjöld?
5. Hvaða sýn hefur sveitarstjórn á fyrirkomulag almenningsamgangna á Suðurlandi?
6. Annað sem sveitarstjórn vill koma á framfæri við samgöngunefnd SASS?

Vinsamlegast svarið þessari beiðni nefndarinnar og **sendið á netfang Öldu hjá SASS [alda@sudurland.is](mailto:alda@sudurland.is), skilafrestur er til og með 15. mars n.k.**

Bestu kveðjur,  
Sæmundur Helgason  
f.h. samgöngunefndar SASS